

KQ₂LVIÐUR

A small green plant icon with three leaves growing from the letter 'I' in the word 'KQ₂LVIÐUR'. The plant has a thin stem and three rounded leaves.

Nafnið

Nafnið Kolviður má rekja til Kolviðar á Vatni, fornkappa sem felldur var við Kolviðarhól og heygður. Aðstandendum Kolviðar þykir við hæfi að fá fornkappann í lið með sér til að minna á að um þriðjungur landsins var skógi vaxinn á landnámsöld. Í dag er einungis um 1,3% landsins skógi vaxið. Því er ekki seinna vænna að beita sér fyrir aukningu gróðurs um leið og spornað er við vaxandi styrk koldíoxíðs (CO₂) í andrúmsloftinu.

Kolviður

Kolviður er kolefnissjóður sem var stofnaður síðastliðið sumar að frumkvæði Skógræktarfélags Íslands og Landverndar sem hafa unnið að undirbúningi síðustu misseri. Hlutverk Kolviðar er að gera einstaklingum, fjölskyldum, stofnunum og fyrirtækjum kleift að jafna kolefnislosun sína vegna samgangna með skógrækt. Starfsemi Kolviðar er alþjóðlega viðurkennd aðferð til að sporna gegn hlýnun andrúmsloftsins sem verður af völdum losunar koldíoxíðs (CO₂).

Upphafið

Hugmyndin að stofnun Kolviðar kom frá hljómsveitinni Fræbbblunum, sem árið 2003 hélt minningartónleika um Joe Strummer, söngvara hljómsveitarinnar Clash sem var þekktur fyrir áhuga á loftlagsmálum. Tónleikarnir voru haldnir í samvinnu við Landvernd og Skógræktarfélag Íslands. Ágóði tónleikanna rann til Kolviðar en ríkisstjórn Íslands gerði aðstandendum Kolviðar kleift að stofna sjóðinn formlega. Bakhjarlar sjóðsins auk ríkisstjórnar eru Kaupþing og Orkuveita Reykjavíkur.

Hugmyndafræðin

Styrkur gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu, einkum koldíoxíðs (CO₂), hefur aukist gríðarlega á síðustu fimm tíu árum. Að óbreyttu mun sú aukning halda áfram af vaxandi þunga með geigvænlegum afleiðingum fyrir umhverfi og lífsskilyrði jarðarbúa. Þennan vöxt í styrk koldíoxíðs má fyrst og fremst rekja til aukinnar brennslu jarðefnaeldsneytis. Hugmyndafræðin að baki Kolviði byggir á bindingu kolefnis úr andrúmsloftinu með skógrækt en tré binda kolefni (C) en leysa súrefni (O₂) út í andrúmsloftið.

Ógnin

Fjölmargir telja hlýnun í lofthjúpi jarðar vegna gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu vera mestu ógn við umhverfið sem við stöndum nú frammi fyrir. Ýmsar þjóðir hafa gripið til mótaðgerða og víða um heim eru í undirbúningi lög og reglugerðir. Evrópusambandið hefur ákveðið að beita sér fyrir 20-30% samdrætti koldíoxíðslosunar til 2020, Bretar eru með löggjöf í undirbúningi sem gerir ráð fyrir 60% samdrætti á CO₂ losun til ársins 2050. Ríkisstjórn Íslands samþykkti í febrúar s.l. nýja langtíma stefnu í loftslagsmálum sem gerir ráð fyrir 50-75% minnkun losunar gróðurhúsalofttegunda frá 1990 (sem er viðmiðunarár Kyoto bókunarinnar) til 2050. Þá samþykkti Alþingi nýlega lög um losun gróðurhúsalofttegunda.

Markmið

Markmið Kolviðar er að auka vitund almennings og fyrirtækja um losun gróðurhúsalofttegunda og gera þeim kleift að taka ábyrgð á eigin losun og að bregðast við með áþreifanlegum hætti. Markmið Kolviðar er að hvetja Íslendinga til þess að verða fyrsta þjóð heims til að kolefnisjafna útblástursáhrif samgöngutækja sinna með skógrækt. Kolviður mun ennfremur stuðla að gerð kennsluefnis um það jákvæða ferli sem á sér stað þegar tré binda kolefni og leysa súrefni úr læðingi. Unnið verður markvisst með grunnskólabörnum en einnig er stefnt að því að að vinna með nemendum á fleiri skólastigum.

Skógrækt

Við skógrækt verður fylgt leiðbeiningum Skógræktarfélags Íslands, Skógrækt í sátt við umhverfið, sem félagið hefur unnið í samvinnu við allar helstu stofnanir á sviði náttúruverndar og landgræðslu og umhverfisverndarsamtök. Þar eru upplýsingar um hvaða þættir það eru sem þarf að taka tillit til eða varast við skógrækt, t.d. hvað varðar náttúruvernd. Kolviður gerir langtímasamninga við landeigendur og skógræktendur um ræktun kolefnisskóga á áður skóglausu landi. Fyrsta skógræktarland Kolviðar mun verða Geitasandur á Suðurlandi. Endurskoðunarfyirtækið KPMG mun í samvinnu við óháða fagaðila á sviði skógræktar og landgræðslu votta ferlið og staðfesta að Kolviður sjái fyrir þeirri bindingu kolefnis sem sjóðurinn tekur að sér.



Geitasandur á Suðurlandi

Stjórn og fagráð


Stjórn Kolviðar skipa: Guðfinna S. Bjarnadóttir, stjórnarformaður, Magnús Jóhannesson, formaður Skógræktarfélag Íslands, Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélag Íslands, Björgólfur Thorsteinsson, formaður Landverndar og Bergur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landverndar. Framkvæmdastjóri Kolviðar er Soffía Waag Árnadóttir.

Kolviður leggur áherslu á að vera í nánu samstarfi við helstu vísindamenn á þessu sviði sem miðla af þekkingu sinni og því nýjasta sem er að gerast í þessum efnunum. Viðamiklar rannsóknir eru í gangi á bindingu kolefnis. Vegna þessa var fagráð Kolviðar stofnað en þar eiga sæti sextán fagaðilar.

Vefsíða

Vefsíða Kolviðar er www.kolviður.is hún verður formlega kynnt þann **15.maí 2007**. Þar verður landsmönnum gefinn kostur á að reikna út á einfaldan hátt það magn koldíoxíðs (CO₂) sem þeir losa út í andrúmsloftið með samgöngum sínum. Jafnframt gefst þeim tækifæri til að greiða fyrir þann fjölda trjáa sem þarf til að kolefnisjafna samgöngurnar. Kostnaður við að afkola hvern bíl fer eftir bensíneyðslu og árlegum akstri, en þumalputtareglan er sú að árlega þurfi að greiða fyrir hvern bíl sem svarar andvirði einnar áfyllingar á bílinn – **einn tankur á ári!** Kolviður tekur við greiðslunni og sér um að planta trjánunum.





Laufskógar eru lungu heimsins
Með ljóstillífun binda þeir kolefni og senda frá sér súrefni

Vissir þú;

- Að við landnám er talið að um þriðjungur landsins hafi verið skógi vaxinn?
- Að nú er einungis um 1.3 % af landinu vaxið skógi?
- Að tré hafa þann eiginleika að binda kolefni (C) og leysa súrefni (O₂) út í andrúmsloftið?
- Að bílafloki Íslendinga er einn sá stærsti og orkufrekasti í heimi miðað við fólksfjölda?
- Að losun bílafloka Íslendinga er um 750.000 tonn af koldíoxíði (CO₂) út í andrúmsloftið á ári?
- Að til að kolefnisjafna bílafлотann þarf að gróðursetja árlega um sjö milljónir trjáplantna sem þekja myndu um 0,02% af flatarmáli landsins?
- Að umfang skógareyðingar í heiminum er þrefalt meiri en endurnýjun?
- Að um 20% af árlegri losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum stafar af eyðingu skóga í heiminum?
- Að skógrækt er alþjóðlega viðurkennd aðferð til að binda kolefni og vinna þannig gegn loftslagsbreytingum?
- Að loftslagsbreytingar af mannavöldum eru taldar ein alvarlegasta ógn við lífríki og íbúa jarðar?
- Að Íslendingar geta orðið fyrsta þjóð í heimi sem sjálfviljug bindur losun bílaflotans á koldíoxíði með skógrækt og landgræðslu?

